

**Þrítugasti og fimmti fundur Heilbrigðisnefndar Kjosarsvæðis var haldinn þann 19. desember 2017 í fundarherbergi heilbrigðiseftirlitsins á 5. hæð í Kjarna Þverholti 2, Mosfellsbæ. Fundurinn hófst kl: 17:15.**

**Mættir:** Hannes Tryggvi Hafstein, Leifur Guðjónsson, Magnús Dalberg, Rúnar Bragi Guðlaugsson, Marianna Hugrún Helgadóttir, Þorsteinn Narfason og Árni Davíðsson sem ritaði fundargerð.

Linda Björk Ragnarsdóttir boðaði forföll.

### **Dagskrá:**

#### **1. Umsóknir um starfsleyfi, markaðsleyfi og tóbaksöluleyfi.**

##### **Umsóknir um starfsleyfi á sviði matvæla, hollustuhátta og mengunarvarna.**

- a. Sigurður Hansen f.h. Hagkaupa ehf. sækir um endurnýjun á tóbakssöluleyfi fyrir verslun Hagkaupa að Eiðistorgi 11 á Seltjarnarnesi.  
*Samþykkt til 4 ára með vísan til laga um tóbaksvarnir.*
- b. Príma ehf. sækir um framlengingu á tímabundnu starfsleyfi til 31. desember vegna niðurrifs á Bygggörðum 7 á Seltjarnarnesi.  
*Heilbrigðiseftirlitið framlengdi leyfið til 31. desember 2017.*
- c. Seltjarnarnesbær sækir um tímabundið leyfi fyrir áramótabrennu.  
*Heilbrigðiseftirlitið afgreiddi leyfið þann 6. desember 2017.*
- d. Mosfellsbær sækir um starfsleyfi fyrir þrettándabrennu neðan Holtahverfis.  
*Heilbrigðiseftirlitið afgreiddi leyfið þann 7. desember 2017.*
- e. Afturelding handknattleiksdeild sækir um tímabundið starfsleyfi fyrir áramótabrennu neðan Holtahverfis í Mosfellsbæ  
*Heilbrigðiseftirlitið afgreiddi leyfið þann 11. desember 2017.*

#### **2. Umsagnir um erindi.**

- a. Lagt fram bréf Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu dagsett 30. nóvember 2017 til Heilbrigðiseftirlits Kjosarsvæðis þar sem kynnt er auglýsing um tillögu á breytingu á Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins til 2040. Í bréfinu er vísað í umhverfisskýrslu og fylgigögn á heimasíðu samtakanna. Erindið varðar samgöngu og þróunarása fyrir hágæðakerfi almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu- Borgarlínu.  
*Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemdir við tillöguna á þessu stigi málsins.*
- b. Skipulagstjóri Mosfellsbæjar óskar þann 21. nóvember 2017 eftir umsögn um tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011-2030. Lýsing verkefnis og matslýsing vegna breytingu á landnotkun á Hólmsheiði.  
*Heilbrigðiseftirlitið gaf umsögn um erindið þann 27. nóvember 2017.*  
*Lagt fram.*
- c. Mosfellsbær óskar eftir umsögn Heilbrigðisnefndar Kjosarsvæðis um tillögu að gjaldskrá fyrir sorphirðu 2018.  
*Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemdir við gjaldskrána.*
- d. Lagt fram erindi Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dagsett 30. október 2017 þar sem óskað var umsagnar um nýtt rekstrarleyfi fyrir Kotasæla ehf. fyrir rekstri

## HEILBRIGÐISEFTIRLIT KJÓSARSVÆÐIS

gististaðar í flokki II, tegund íbúðir, að Hvammsvík í Kjós, fastanúmer 208-6100. Jákvæð umsögn var send með bréfi þann 24. nóvember 2017.

*Staðfest.*

- e. Lagt fram erindi Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dagsett 8. nóvember 2017 þar sem óskað var umsagnar um nýtt rekstrarleyfi fyrir Kotasæla ehf. fyrir rekstri gististaðar í flokki II, tegund íbúðir, að Hvammsvík í Kjós, fastanúmer 208-6106. Jákvæð umsögn var send með bréfi þann 24. nóvember 2017.

*Staðfest.*

- f. Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu óskar þann 6. desember 2017 eftir umsögn um litla brennu að Valhúsaæð á Seltjarnarnesi sem kveikt verður í þann 31. desember 2017.

*Heilbrigðiseftirlitið veitti jákvæða umsögn um erindið með tölvubréfi þann 6. desember 2017.*

- g. Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu óskar þann 7. desember 2017 eftir umsögn um litla brennu neðan Holtahverfis í Mosfellsbæ sem kveikt verður í þann 6. janúar 2018.

*Heilbrigðiseftirlitið veitti jákvæða umsögn um erindið með tölvubréfi þann 7. desember 2017.*

- h. Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu óskar þann 12. desember 2017 eftir umsögn um litla brennu neðan Holtahverfis í Mosfellsbæ sem kveikt verður í þann 31. desember 2017.

*Heilbrigðiseftirlitið veitti jákvæða umsögn um erindið með tölvubréfi þann 12. desember 2017.*

- i. Lagt fram tvö bréf Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu dagsett 18. desember 2017 þar sem óskað er umsagnar um flugeldasýningu Björgunarsveitarinnar Kyndils þann 31. desember 2017 og 6. janúar 2018.

*Heilbrigðiseftirlitið veitti jákvæða umsögn um erindin með tölvubréfi þann 18. desember 2017.*

### 3. Önnur mál

- a. Lögð fram fundargerð 118. fundar framkvæmdastjórnar um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins.
- b. Gjaldskrá fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit á svæði heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis hefur verið birt og er nr. 1080/2017.

Fundi var slitið kl. 18:15.